

## **Erindisbréf samráðshóps um málefni fatlaðs fólks í Sveitarfélaginu Árborg**

### **I. Kafli**

#### **Skipan og umboð**

##### **1. gr.**

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks er starfræktur á grundvelli 42. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum. Fatlað fólk á rétt á almennri þjónustu og aðstoð samkvæmt fyrrgreindum lögum. Að öðru leyti fer um málefni þess á grundvelli laga nr. 38/2018 um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir.

##### **2. gr.**

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks skal skipaður sex fulltrúum:

- Þrír fulltrúar og þrír til vara skulu kosnir af bæjarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum.
- Þrír fulltrúar og þrír til vara skulu tilnefndir af hagsmunasamtökum; einn af Landssamtökunum Þroskahjálp og tveir af Öryrkjabandalagi Íslands.

Bæjarstjórn kýs formann samráðshópsins en hópurinn sjálfur kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Skipunartími samráðshópsins fylgir kjörtímabili bæjarstjórnar.

### **II. Kafli**

#### **Fundir og starfshættir**

##### **3. gr.**

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks skal að jafnaði funda fjórum sinnum á ári. Starfsmaður velferðarþjónustu boðar til funda í samráði við formann. Aðalmenn boða varamenn sína til fundar ef þeir forfallast. Formaður stýrir fundum. Starfsmaður velferðarþjónustu situr fundi samráðshópsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt og ritar jafnframt fundargerðir.

Reglulegir fundir skulu boðaðir með tveggja daga fyrirvara og dagskrá skal fylgja fundarboði. Rafræn boðun funda og útsending fundargagna telst fullgild boðun.

Á dagskrá skulu tekin fyrir mál sem fulltrúar í samráðshópi hafa óskað eftir að fjallað verði um enda séu þau á verksviði samráðshópsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í samráðshóp þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Einnig eru tekin á dagskrá mál sem bæjarstjórn, fastanefndir og ráð sveitarfélagsins eða stjórn Bergrisans bs. óska eftir að ráðið fjalli um.

Samráðshópurinn getur óskað eftir að einstaka starfsmenn Árborgar mæti til fundar, sem og aðrir sem hópurinn telur þörf á hverju sinni.

#### 4. gr.

Fundir samráðshóps skulu haldnir fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

#### 5. gr.

Gert er ráð fyrir að velferðarnefnd eigi fund með samráðshópnum árlega. Enn fremur er þess vænst að samráðshópurinn leggi fram skýrslu um starfsemi sína og kynni hana. Fjölskyldusvið tryggir þátttakendum stuðning og þjálfun til virkrar þátttöku í samráðshópnum.

### III. Kafli

#### Hlutverk og markmið

#### 6. gr.

Hlutverk samráðshóps er að vera formlegur vettvangur samráðs og samstarfs við bæjarstjórn, ráð og nefndir um hagsmuni fatlaðs fólks þar sem fjallað er um þjónustu við fatlað fólk, aðgengismál í víðum skilningi, framkvæmd þjónustunnar og þróun. Samráðshópurinn er ráðgefandi fyrir sveitarfélagið við stefnumörkun og áætlanagerð er varðar málefni fatlaðs fólks.

Markmið starfsemi samráðshóps er að tryggja virka þátttöku og auka áhrif fatlaðs fólks á þróun, skipulag og framkvæmd þjónustu og önnur hagsmunamál þeirra innan sveitarfélagsins.

#### 7. gr.

Hlutverk samráðshóps um málefni fatlaðs fólks er einkum að:

1. Vera ráðgefandi um áætlanagerð í málefnum fatlaðs fólks í sveitarfélaginu, sbr. 3. másl. 1. mgr. 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.
2. Fylgjast með framkvæmd og þróun þjónustu við fatlað fólk í sveitarfélaginu í samráði við notendur hennar og talsmenn þeirra eða aðstandendur, sbr. 1. másl. 2. mgr. 42. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Í því felst m.a. að fjalla um ábendingar og tillögur þeirra sem í hlut eiga.
3. Koma á framfæri hugmyndum og tillögum um inntak og tilhögun þjónustu við fatlað fólk í sveitarfélaginu og ábendingum um gerð reglna um þjónustu.

Samráðshópurinn fjallar ekki um málefni einstaklinga.

### **Gildistaka**

8. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Erindisbréf samþykkt í bæjarstjórn 25. mars 2026.